

AUGLÝSING

um umferð í Eskifjarðarkaupstað.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Eskifjarðar hefur verið ákveðið að setja eftirfarandi reglur um umferð á Eskifirði:

- I. 1. Umferð um Strandgötu, sem í þessum reglum telst byrja við Eskifjarðará, hefur forgangsrétt fyrir öllum aðliggjandi akstursleiðum.
 2. Umferð um Túngötu vikur fyrir umferð um Lambeyrarbraut og Botnabraut.
 3. Umferð um Hátún vikur fyrir umferð um Botnabraut.
 4. Umferð um veg frá Eskifjarðarseli og Byggðarholti vikur fyrir umferð um Þjóðveg.
 5. Umferð um veg frá sorphaugum sunnan fjarðar vikur fyrir umferð um Þjóðveg.
 - II. Einstefna er á Túngötu til austurs, frá gatnamótum Túngötu og Kirkjustígs að Lambeyrarbraut og áfram austur Lambeyrarbraut að Hólsvegi.
 - III. 1. Bannað er að leggja ökutækjum á suðurbrún Strandgötu frá akstursleið af bryggju austan hraðfrystihúss að norðausturhorni matvöruverslunar Pöntunarfélags Eskifirðinga.
 2. Bannað er að leggja ökutækjum á suðurbrún Lambeyrarbrautar frá gatnamótum Lambeyrarbrautar og Botnabrautar að Hólsvegi.
 3. Leggja má ökutækjum á nyrðri brún einstefnuaksturshluta Lambeyrarbrautar.
- Reglur þessar taka þegar gildi og falla um leið niður allar eldri auglýsingar um umferð á Eskifirði.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Eskifjarðarkaupstað, 10. ágúst 1982.

Bogi Nilsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um flokkun og mat á gærum, nr. 509 5. september 1980.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Í sláturfjarrétt skal flokka gærum hvers innleggjanda í eftirfarandi flokka, og skrá á innleggsnótur:

LU	Alhvítar lambagærum, tog jafnt og ekki gróft, án mors eða óhreininda í ull.
L Hv.	Hvítar, óskemmdar lambagærum.
L S	Svartar, óskemmdar lambagærum.
L M	Mórauðar, óskemmdar lambagærum.
L Gr.	Gráar, óskemmdar lambagærum.
L Tvíl.	Lambagærum, aðrir litir, óskemmdar.
L II	Skemmdar lambagærum, allir litir.
Æ Hv.	Óskemmdar, hvítar ærgærum.
Æ Misl.	Óskemmdar, mislitar ærgærum.
Æ II	Skemmdar ærgærum, allir litir.
Úrkast	Hrútagærum, tvíreyfar ærgærum, og ær- og lambagærum, nær ullarlausar eða ullarlausar á blettum.

Gærumatsformaður getur heimilað sláturleyfishöfum að flokka gærum í færri flokka en tilgreint er, með því að sameina tvo eða fleiri flokka.

Gærur teljast skemmdar:

1. Ef mold eða sandur í baki er það mikill eða þéttur, að ætla megi að ekki fari úr við þvott.
2. Ef miklir kleprar eru í lærum eða gæran öll útötuð í óhreinindum eða mori.
3. Ef gærunar eru mjög illhæruskotnar, með hvítum og gulum illhærum, svo ullin líkist fremur stríi en ull. Einnig mjög ullarstuttar eða snoðnar gærur (t. d. mjög skógdregnar).

Gæta skal þess vandlega, að gærur fari í réttan litarflokk. Hvítar lambagærur með mislitum blettum eða doppum skulu flokkast í L tvíl.

Heimilt er að flokka gráar gærur á lifandi lömbum eftir feldgæðum, enda setji gærumatsformaður nánari reglur þar um

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum um flokkun og mat á gærum nr. 22/1976 og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 11. ágúst 1982.

Pálmi Jónsson.

Guðmundur Sigþórsson.

11. ágúst 1982.

Nr. 473.

REGLUGERÐ

um Grænmetisverslun landbúnaðarins og mat og flokkun kartaflna og annarra garðávaxta.

I. KAFLI

Um Grænmetisverslun landbúnaðarins.

1. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi yfirstjórn sölumála matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu landsins, þar með talið stjórn og rekstur Grænmetisverslunar landbúnaðarins. Framleiðsluráð getur falið sérstakri nefnd manna stjórn verslunarinnar að meira eða minna leyti í umboði sínu. Framleiðsluráð ræður framkvæmdastjóra er annast daglega stjórn Grænmetisverslunarinnar, en hann ræður annað starfsfólk fyrirtækisins eftir þörfum.

Endurskoðendur Grænmetisverslunarinnar skulu vera tveir, annar tilnefndur af Framleiðsluráði landbúnaðarins, en hinn skipaður af landbúnaðarráðherra.

2. gr.

Grænmetisverslun landbúnaðarins skal skipuleggja móttöku og heildsöludreifingu kartaflna og annarra garðávaxta. Grænmetisverslunin annast innflutning og heildsöludreifingu garðávaxta í umboði landbúnaðarráðuneytisins, eftir því sem ráðuneytið ákveður. Skal Grænmetisverslunin leitast við að hafa á boðstólum sem fjölbreyttast úrval innlendra garðávaxta. Sama máli gegnir um erlenda garðávexti þegar innflutningur þeirra fer fram. Grænmetisverslunin skal eftir því sem við verður komið sjá um dreifingu upplýsinga um eiginleika, meðferð og neyslu matjurta, enda sé gert ráð fyrir útgjöldum til þessara þarfa við verðlagningu.

Grænmetisverslunin skal sjá til þess að ávallt sé völ á nægu heilbrigðu kartöfluútsæði af viðurkenndum afbrigðum.

3. gr.

Garðávextir þeir sem Grænmetisverslun landbúnaðarins býður til sölu skulu vera eðlilega þroskaðir, lausir við sjúkdóma og aðra skaðvalda sem gera þá óhæfa til neyslu, óskaddaðir að mestu og án óeðlilegs bragðs og lyktar eða efnamengunar.